

Nd.

1228. Breytingartillögur

[248. mál]

við frv. til l. um Þjóðskjalasafn Íslands.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Við 1. gr.:

4. málsgrein orðist svo:

Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð til 5 ára samkvæmt tillögu menntamálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Heimilt er að undangenginni auglýsingu að endurskipa sama mann í 5 ár til viðbótar. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir þess hönd út á við.

2. Við 5. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Safnið skal leitast við að safna heimildum og frumgögnum varðandi atvinnu- og verslunarsögu þjóðarinnar og hafa samvinnu við héraðsskjalasöfn um varðveislu slíkra gagna.

3. Við 14. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:

Héraðsskjalasöfn skulu leitast við að komast yfir önnur skjöl en þau sem skilaskyld eru, svo sem skjöl hvers kyns félagasamtaka, einkaskjöl og handrit, örnefnaskrár og ættfræðigögn og annað það er byggðasögu varðar, þannig að þau geti orðið miðstöðvar byggðasöguritunar hvert á sínu svæði. Í því skyni skulu héraðsskjalasöfn skiptast á heimildum er þeim berast hverju af annars svæði.